



## Fundargerð hreppsnefndar 21. nóvember 2013

Hreppsnefndarfundur verður haldinn fimmtudaginn 21. nóv. 2013 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Á fundinn voru mætt Bárður Jónasson, Ásrún Jörgensdóttir, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður E. Konráðsdóttir, Fjóla Valsdóttir, Guðrún Anna Guðnadóttir og Signý Kristjánsdóttir.

Jafnframt var mættur sveitarstjóri, Þorsteinn Steinsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 7. nóv. sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 7. nóv. sl.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

2. mál. Fundargerð fræðslunefndar frá 5. nóv. sl.

Lögð fram kynningar fundargerð fræðslunefndar frá 5. nóv. sl.

Líst var yfir ánægju með samráð við foreldra varðandi vetrarfrí í skóla.

3. mál Fundargerð Arnarvatns ehf. frá 7. nóv. sl.

Lögð fram til kynningar fundargerð Arnarvatns ehf. frá 7. nóv. sl.

Talsvert miklar umræður urðu um fundargerðina og hvernig staðið verður að málum í framtíðina. Fundarmenn voru sammála um að brýnt væri að fá fram hugmyndir núverandi rekstraraðila um framhald rekstrar.

4. mál. Fundargerð Stjórnar og aðalfundar skólaskrifstofu Austurlands frá 11. nóv. sl.

Lagðar fram fundargerðir stjórnar og aðalfundar Skólaskrifstofu Austurlands frá 11. nóv. sl. . Fyrir fundinum lá einnig ársreikningur skrifstofunnar fyrir árið 2012 og fjárhagsáætlun fyrir árið 2014.

Gögn þessi hafa verið samþykkt á stórnarfundi og aðalfundi skrifstofunnar.

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi gögn fyrir sitt leyti.

5. mál. Kaupvangur, rekstur kaffihúss, umsóknir.

Í framhaldi af auglýsingu Vopnafjarðarhrepps eftir áhugaaðilum til reksturs kaffihúss í Kaupvangi á Vopnafirði hafa borist 5 umsókir, en umsóknarferstur rann út 8. nóv. sl.

Umsóknir bárust frá eftirtöldum:

- 1) Öllu Grönvold Guðnadóttur
- 2) Sigríði Jóhannesdóttur
- 3) Doroteu Burba, Þórhildi Sigurðardóttur og Ingibjörgu Hrönn Róbertsdóttur
- 4) Ollasjoppu ehf.
- 5) Sigurbjörgu Halldórsdóttur

Eftir yfirferð yfir fyrirbyggjandi umsóknir kom fram tillaga um það að fela alsherjarnefnd sveitarfélagsins að fara nánar yfir umsóknirnar og gera tillögu að ráðningu rekstraraðila. Fyrirbyggjandi tillaga samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

6. mál. Yfirlýsing um útfærslu á jafnlaunaátaki. -Stofnanasamningar-

Hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar á Sundabúð legudeild hafa óskað eftir því að kjör þeirra verði lagfærð til samræmis við yfirlýsingu um útfærslu á jafnlaunaátaki í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 21. janúar 2013. Í þessu sambandi vísa þessir aðilar í stofnanasamninga sem

gerðir hafa verið af hálfu Heilbrigðisstofnunar Austurlands við annars vegar Félag Ísl. Hjúkrunarfræðinga og hins vegar við félag Sjúkraliða.

Gerð var grein fyrir málinu og nauðsyn þess að ganga frá samningum milli aðila í þessu sambandi. Lagt var til að leitað yrði leiða til að gera sérstaka samninga um þessi mál, sem tækju mið af umfangi starfseminnar í Sundabúð. Vinna þessi verði unnin í samvinnu við viðkomandi stéttarfélag. Ennfremur yrði fengin ráðgjöf sérfræðinga í þessum málum til þess að ná fram samningum eins fljótt og kostur er.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps telur einnig nauðsynlegt að viðbótarkostnaður, sem af samningum þessum hlýst verði sóttur til ríkisnins, en í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er greint frá því að ríkisstjórnin ákvað að verja tilteknu fjármagni til stofnanasamninga heilbrigðisstofnana í anda þessa jafnlaunaáttaks.

Hreppsnefnd samþykkti samhljóða með 7 atkvæðum að vinna með þessum hætti að framgangi mála og fól sveitarstjóra og oddvita að koma verkefninu áfram.

7. mál Safnahús á Egilsstöðum, minnisblað.

Lögð fram minnisblöð dags. 6. des. 2012 og 18. sept. 2013 varðandi Safnahús á Egilsstöðum. Jafnframt var lagt fram bréf Fljótsdalshéraðs varðandi þessi mál frá 12. nóv. sl.

Í gögnum þessum er farið yfir eignarhald og skiptingar eignarhalds á viðkomandi húsnæði. Í gögnunum eru reifaðar hugmyndir um það að Fljótsdalshérað yfirtaki alla eignina af öðrum eignaraðilum þeirra rekstrarsamlaga sem eiga húsið í heild. Á móti komi Fljótsdalshérað til með að sjá um allt viðhald hússins og halda því í lagi.

Greiðsla Fljótsdalshéraðs fyrir eignirnar er sett upp með þeim hætti að gerður verði 12 ára leigusamningur milli Fljótsdalshéraðs og rekstrarsamlaganna þ.a. að kaupverð eignarinnar verði greitt upp með 12 ára leigugreiðslum. Að 12 árum liðnum munu síðan rekstrarsamlögin þurfa að greiða raundverulega útreiknaða leigu.

Nokkuð miklar umræður urðu um þessi mál þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum. Ýmis sjónarmið komu þar fram og var talin nauðsyn á því að skoða þessi mál frekar í samvinnu við aðra samstarfsaðila viðkomandi rekstrarsamlaga.

Sveitarstjóra og oddvita falið að vinna að framgangi þessa máls í samvinnu við aðra eigendur. Í framhaldi af slíkri vinnu verði endanleg ákvörðun um framvindu mála tekin. Málsmeðferð þessi var samþykkt samhljóða.

8. mál. Drög að samningi milli Glamour og Vopnafjarðarhrepps.

Lögð fram drög að samningi milli Glamour Et. Cetra og Vopnafjarðarhrepps, vegna verkefnisins Curious Case of Vopnafjörður. Um málið var áður fjallað á fundi hreppsnefndar 10. okt. sl.

Verkefnið felst í því að Glamour vinnur að gerð heimildarmyndar um Vopnafjörð í samvinnu við Vopnafjarðarhrepp.

Gerð var grein fyrir fyrirliggjandi samningsdrögum og verk- og greiðsluáætlun.

Að umræðum loknum voru fyrirliggjandi samningsdrög samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að undirrita þau fyrir hönd Vopnafjarðarhrepps.

9. mál. Björgun ehf. samkomulag um dýpkun

Gerð var grein fyrir samningum við Björgun ehf. vegna dýpkunarframkvæmda í Vopnafjarðarhöfn. Sveitarstjóri greindi frá því að kostnaður frá upphaflegri áætlun Siglingastofnunar hefði aukist, bæði vegna þess að magn hefði aukist og einnig vegna flutningskostnaðar, sem ekki var áætlað fyrir. Mikilvægt var talið að fá dýpkun þessa framkvæmda og möguleikinn var fyrir hendi þar sem fara þurfti með dýpkunartækin framhjá Vopnafirði, sem leiðir til mun lægri kostnaðar en ella hefði verið.

Hreppsnefnd samþykkir samninginn samhljóða með 7 atkvæðum fyrir sitt leyti og felur sveitarstjóra að vinna að því að ríkisvaldið greiði fulla hlutdeild í heildarkostnaði verksins.

10. mál. Austurbrú, verkefnastjóri, Kaupvangi.-

Lögð fram auglýsing eftir verkefnastjóra á fræðslusviði Austurbrúar á Vopnafirði. Auglýsingin er tilkomin vegna þess að núverandi starfsmaður hefur sagt starfi sínu lausu. Umsóknarfrestur um

starfið er til 1. desember nk.

Greint var frá því að í gangi hafa verið viðræður milli Austurbrúar og Vopnafjarðarhrepps um frekari samvinnu milli þessara aðila um þá starfsemi sem rekin er af viðkomandi aðilum í Kaupvangi. Sveitarstjóra og oddvita falið að vinna áfram að tillögugerð í þeim efnum. Slíkar tillögur verði síðan lagðar fyrir sveitarstjórn til endanlegrar samþykktar. Málsmæðferð þessi var samþykkt samhljóða.

11. mál. ISAVIA bréf dags. 8. nóv. sl., varðandi flugslysæfingu 2014.

Lagt fram bréf ISAVIA frá 8. nóv. sl., þar sem greint er frá fyrirhuguðum flugslysæfingum, sem halda skal á næsta ári. Gert er ráð fyrir að ein þeirra verið á vormánuðum ársins 2014 á Vopnafirði.

Hreppsnefnd lýsir ánægju með framkomna áætlun um flugslysæfingu og mun liðka fyrir henni sem kostur er.

Samþykkt að senda málið til frekari vinnslu hjá slökkviliðsstjóra Brunavarna á Austurlandi.

12. mál. Ýmis mál og fundargerðir

- a) Fundargerð samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum frá 4. okt. sl.  
Lögð fram til kynningar.
- b) Fundargerð heilbrigðisnefndar Austurlands frá 13. nóv. sl.  
Lögð fram til kynningar.
- c) Fundargerð stjórnar SSA frá 31. okt. sl.  
Lögð fram til kynningar.
- d) Veiðifélag Hofs- og Sunnudalsár, varðandi fundarboð 24. nóv. nk.  
Fulltrúi Vopnafjarðarhrepps mætir á fundinn.
- e) Snorraverkefnið, bréf dags 4. nóv. sl., varðandi styrk.  
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.40